

Dagsetning
12.03.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, mál 258.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Ljóst er að lagabreytingarnar hafa í för með sér veigamiklar breytingar á heimildum til innflutnings búvara. Því er afar mikilvægt að staðið sé með traustum hætti að framkvæmdinni og hugað að samkeppnisstöðu innlendrar búvöruframleiðslu. Staða landbúnaðar og úrvinnslufyrirtækja búvara er erfið um þessar mundir og nauðsynlegt að nýta frest til gildistöku lagabreytinganna, ef hann er mögulegur. Ísland hefur þá sérstöðu að vera laust við ýmsa búfjárjúkdóma, sem eru landlægir víða í Evrópu. Mikilvægt er því að heilbrigðiseftirlit með innflutningi verði öflugt. Byggðastofnun telur að lagabreytingarnar muni hafa umtalsverð áhrif á byggð í landinu.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar